

Ferð kríunnar heimskautanna á milli

Krían *Sterna paradisaea* er norrænn varpflugl, útbreidd umhverfis allt norðurheimskautið. Hún er alger farflugl í öllum varpheimkynnum sínum. Oft verður manni hugsað, þegar fyrstu kríurnar að koma til landsins í apríllök eftir nær 8 mánuða fjarveru, hvar þær hafi haldið sig allan þennan tíma. Hér verður ferð kríunnar til og frá vetrarstöðvum rakin, eins og næst verður komist, út frá endurheimtum merktra fugla, og þekktri vetrarútbreiðslu tegundarinnar.

Á Íslandi hafa verið merktar rúmlega 24.000 kríur, aðallega sem ungar. Þrátt fyrir þennan mikla fjölda hafa aðeins 15 þeirra endurheimst utan landsteinanna. Ástæður fárra endurheimta eru annars vegar gífurleg afföll af kríuungum fyrstu vikur ævinnar, þannig að aðeins hluti þeirra sem merktir eru lifa það að yfirgefa landið. Hins vegar stafar þetta af því að kríurnar halda sig stóran hluta ársins á svæðum þar sem litlar líkur eru á að þær komist undir manna hendur. Víkjum nú að endurheimtum 15 og könnum hvaða sögu þær segja okkur.

Allar, nema ein, eru frá haustinu og fyrri hluta vetrar, frá strandsvæðum V.- og S.-Afríku. Í september og október eru íslenskar kríur við norðurströnd Gíneuflóa, allt frá Sierra Leone í vestri til Nígeríu í austri. Í nóvember eru þær komnar nokkuð sunnar og halda sig við strendur Nígeríu, Kamerún og Angóla. Í desember hafa kríurnar náð til Suður Afríku, en það sýna þrjár endurheimtur þaðan - tvær þeirra jafnvel austan Góðrarvonarhöfða. Þar líkur ferðasögunni eins og rekja má hana eftir íslenskum endurheimtum og því verður að leita á önnur mið eftir frekari upplýsingum.



Þótt eitthvað af kríum haldi sig vetrarlangt á hafsvæðum við Góðrarvonarhöfða

(Elliott 1971) er ljóst að mestur hluti þeirra fer að minnsta kosti 3.000 kílómetrum lengra suður, eða allt til Suðurskautslandsins. Á þeirri leið fara þær um vestanvindabelti og hrekjast þá stundum langt austur á bóginn. Kríur sjást við Ástralíu og Nýja Sjáland og hafa fuglar frá Evrópu endurheimst þar. Mikið af kríum er á hafsvæðum við austanvert Suðurskautslandið frá nóvember og fram í febrúar. Aðeins hefur ein kría endurheimst þar. Sú var merkt rétt við Kaupmannahöfn og náðist í rekisnum við austanvert Suðurskautslandið í febrúar (Alerstam 1982).

Það er sumar í suðurhöfum þegar krían dvelur þar. Hún heldur sig við ísröndina þar sem framboð fæðu (einkum ljósátu) er mikið, og fellir þar flugfjaðrir. Ekki er ljóst hvernig kríurnar hagar ferðum sínum á þessu svæði. Til þess að komast aftur inn í Atlantshafið verða þær fyrst að leita vestur á bóginn, áður en lagt er upp í ferðina norður. Þetta er verða kríurnar að gera vegna ríkjandi vestlægra vinda á hafsvæðum umhverfis Suðurskautslandið, sem geta hrakið þær af leið. Danski fuglafræðingurinn Finn Salomonsen (1967) velti fyrir sér möguleikanum á að kríurnar flygju einfaldlega hringinn umhverfis Suðurskautslandið meðan á dvölinni þar stendur, til þess að hefja brottförina á réttum stað. Stuðning fyrir þessari tilgátu er meðal annars að finna í því að kríur sjást fyrst vestan Suðurskautsskagans í febrúar og mars. Athuganir síðustu ár hafa rennt stöðum undir tilgátur Salomonsen. Þar hef ég meðal annarra átt hlut að máli.

Sem þátttakandi í sænskum leiðangri til Suðurskautslandsins í árið 1989 átti ég þess kost að fylgjast með ferðum kría í Marguerite-flóa við vestanverðan Suðurskautsskagann dagana 7. til 9. mars (Gud-

Varpstöðvar á Norðurhveli



Vetrarstöðvar við Suðurskautslandið

1. mynd. Ferðir kríunnar á milli varpstöðva og vetrarstöðva, eins og best verður ráðið af endurheimtum fugla merktra á Íslandi, á V-Grænlandi (byggt á Alerstam 1985) og öðrum athugunum. – *A generalized map of migration routes of Arctic Terns, between breeding- and wintering quarters on the different hemispheres. Icelandic ringing recoveries are indicated by dots. Triangles indicate two interesting recoveries of Arctic Terns ringed in W Greenland (based on Alerstam 1985).* Teikning – Drawing: Guðmundur Ó. Ingvarsson / Mbl.

mundsson o.fl. 1992). Með hjálp ratsjár áætluðum við, að þessa þrjá daga hefðu 5-10.000 kríur flogið inn í þröngan fjörð, líklegast til þess að stytta sér leið yfir Suðurskautsskagann á leið sinni inn í Weddelhafíð, en þar er af mikið af kríum í mars. Það var stórkostlegt að sjá kríurnar, svo fjarri heimahögum, vera að leggja upp í nær tveggja mánaða ferðalag, 15.000 kílómetra leið! Til þess að ná til Íslands á tilsettum tíma þurfa þær að leggja að baki 300 kílómetra á dag. Á leið okkar með skipinu til Svíþjóðar, í byrjun apríl, rákumst við á nokkra kríuhópa við veiðar á miðju Atlantshafi við miðbaug.

Aðeins ein endurheimta íslenskrar kríu er til erlendis frá að vorlagi. Sú endurheimtist í Belgíu um miðjan apríl, en það er eimitt komutími kría til Vestur Evrópu. Endurheimtur kría merktra á Vestur Grænlandi (Alerstam 1985) gefa hugmynd um ferðir kría á vorin. Grænlensku kríurnar sýna nákvæmlega sama ferðamynstur og þær íslensku á haustin. Þær ferðast með ströndum Vestur Evrópu og Afríku, uns þær hverfa við Góðrarvonarhöfða í desember. Ekki spyrst til þeirra aftur fyrr en í maí, og þá í Suður Ameríku! Ein grænlensk kría endurheimtist í byrjun maí í fjalllendi í Brasilíu, um 400 km frá ströndu. Önnur var skotinn 16. júní í fjallaskarði í Andesfjöllum Kólumbíu, í 2000 metra hæð yfir sjávarmáli. Ólíklegt er að þessi 10 ára gamli - og lífsreyndi fugl - hafi verið þar á ferð í fyrsta skipti. Loks endurheimtist eins árs gömul kría frá Vestur Grænlandi við Hudsonflóa í Kanada. Það kæmi mér ekki á óvart að við ættum eftir að fá endurheimtur íslenskra kría vestanhafs.

Af þessu má ljóst vera að krían er mikill ferðalangur. Hún færir sig með árstíðunum, heimskautanna á milli, þannig að hjá henni er sífellt sumar. Hún ferðast 15 til 20.000 km hvora leið eða 30 til 40.000 km (sem jafngildir vegalengdinni um-

hverfis jörðina) á hverju ári. Hún er meira og minna á ferðinni allt árið og er lengsta samfellda stopp hennar á einum stað er líklega á varpstöðvunum, en þar dvelur hún 3 til 4 mánuði í senn. Á ferðum sínum nýtur hún þess, fram yfir flesta aðra farfugla, að vera aðlöguð að lífi á sjó og geta lent hvar sem er til að hvílast og jafnframt nærast á leiðinni. Íslensk kría náði því að verða rúmlega 21 árs gömul. Ef við gerum ráð fyrir að hún hafi flogið heimskautanna á milli ár hvert alla ævi, þá jafngildir það flugi til tunglsins, heim aftur og gott betur.

HEIMILDIR

- Alerstam, T. 1982. Fågelflytning. Signum, Lund.
 Alerstam, T. 1985. Strategies of migratory flight, illustrated by Arctic and Common Terns, *Sterna paradisaea* and *Sterna hirundo*. – Í: Rankin, M.A. (ritstj.), Migration: Mechanisms and Adaptive Significans. Contributions in Marine Science Supplement, Vol. 27: 580-603.
 Elliott, C.C.H. 1971. Analysis of the ringing recoveries of three migrant terns. – The Ostrich, supplement no. 9: 71-82.
 Guðmundsson, G.A., T. Alerstam & B. Larsson 1992. Radar observations of northbound migration of the Arctic Tern, *Sterna paradisaea*, at the Antarctic Peninsula. – Antarctic Science 4: 163-170.
 Salomonsen, F. 1967. Migratory movements of the Arctic tern (*Sterna paradisaea* Pontoppidan) in the Southern Ocean. – Det Kongelige Danske Videnskabernes Selskab Biologiske Meddelelser 24 (1), Munksgaard, 42 bls.

SUMMARY

The migration of Arctic Terns from pole to pole

More than 24,000 Arctic Terns *Sterna paradisaea* have been ringed in Iceland, mostly as chicks. Still, only 15 Icelandic recoveries have been reported from abroad. In light of these recoveries, some foreign recoveries and known winter distribution of Arctic Terns, the non-breeding movements of this fascinating globe-trotter is described in broad terms.

Guðmundur A. Guðmundsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.